

**50. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar Langaesbyggðar haldinn á skrifstofu
Langanesbyggðar þriðjudaginn 1. júlí 2014 og hófst kl 13:00**

Mætt eru: Steinunn Leósdóttir formaður, Kristján Úlfarsson, Jósteynn Hermundsson, Björgvin Þóroddsson og Sóley Indriðadóttir

Dagskrá:

1. Lóðamál Ísfélagsins

Umhverfis- og skipulagsnefnd fór yfir lóðateikningar sem lagðar voru fyrir síðasta fund umhverfis- og skipulagsnefndar.

Farið var ýtarlega yfir gögnin. Ólafur Steinarsson kom inn á fundinn í síma og skýrði málið. Einnig kom Rafn Jónsson inn á fundinn og fór yfir þau gögn sem fyrir liggja.

Umhverfis- og skipulagsnefnd fékk skýringar á fasteignagjöldum Ísfélagsins.

Umhverfis- og skipulagsnefnd komst að þeirri niðurstöðu að úthluta Ísfélagi

Vestmannaeyja sameinaða lóð fyrir Eyrarveg 4-10 og Eyrarveg 4b alls 2.592 fermetra

2. Byggingarleyfisumsókn

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir umsóknina samhljóða.

3. Bílaplan við Langholt 8.

Væntanlegur eigandi Langholts 8 óskar eftir því að gera bílaplan austan við húsið ca 2 bílbreiddir en samkvæmt gamalli teikningu er gert ráð fyrir því

Umhverfis- og skipulagsnefnd ræddi málið.

Sóley Indriðadóttir lýsti yfir vanhæfi sínu í afgreiðslu málsins. Samþykkt samhljóða.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir þetta bílastæði fyrir sitt leyti. Samþykkt samhljóða.

4. Sorphirða í Langanesbyggð

Rætt um sorphirða fyrirtækja á Bakkafirði. Ákveðið að senda fyrirspurn vegna þessa.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 15:10